

Þriðjudaginn 15. apríl 1975.

Nr. 36/1975. Ákærvaldið

gegn

Jóhanni Geir Guðjónssyni.

Dómsendur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Kærumál. Synjað kröfu um gæsluvarðhald og ráðstafanir samkvæmt 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Ríkissaksóknari hefur með kæru 18. mars sl. skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur frá 15. mars s. á. til Hæstaréttar. Krefst ríkissaksóknari þess, að kærða verði dæmt að sæta gæsluvarðhaldi, „meðan á rannsókn og meðferð máls hans fyrir sakadómi stendur eða verði ella“ dæmt „að sæta öðrum þeim ráðstöfunum, sem að haldi mega koma . . .“.

Af hálfu kærða er krafist sýknu af kröfum ákærvalds í máli þessu og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknara er heimil kæra máls þessa samkvæmt 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973, og 3. málsg. 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ríkissaksóknari hefur til stuðnings kröfum sínum vísað til 66. gr. almennra hegningarlaga og 65., 67., 71. og 72. gr. laga nr. 74/1974.

Rannsóknargögn máls þessa varða atferli, sem 232. gr. almennra hegningarlaga tekur til, en gögnin bera eigi með sér, að kærði hafi sýnt af sér háttsemi, sem líklegt er, að varði við 233. gr. sömu laga. Brestur lagaskilyrði til þess að beita megí kærða gæsluvarðhaldi samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 1. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974.

Rannsóknargögn fela eigi í sér grundvöll undir því, að beitt verði ráðstöfunum gagnvart kærða, þeim er greinir í 66. gr. almennra hegningarlaga.

Eigi eru efni til að dæma kærða kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1975.

Ár 1975, laugardaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómará, kveðinn upp þessi úrskurður.

Í gær, 14. mars, barst dóminum bréf ríkissaksóknara, dagsett þann dag, varðandi mál Jóhanns Geirs Guðjónssonar kaupmanns, Sólvallagötu 15. Bréfi þessu fylgja fjórar skýrslur rannsóknarlögreglu um ónæði og ásókn, sem hann er talinn hafa um langt skeið haft í frammi gagnvart Málfríði Loftsdóttur, Álfheimum 36. Enn fremur fylgja fæðingarvottorð og sakavottorð Jóhanns Geirs, skýrsla um geðrannsókn á honum frá árinu 1973 og gögn í máli hans varðandi sams konar atferli gagnvart sömu stúlku, er lokið var með áminningu 10. maí 1973.

Í bréfi ríkissaksóknara segir svo: „Full ástæða er til að ætla, að kærði hafi nú gerst sekur um slíkt atferli, að varðað geti hann þungri refsingu samkvæmt 1. mgr. 232. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna um líkamsmeiðingar. Rannsókn þessara kæruefna er hins vegar enn eigi svo langt komin, að unnt sé að taka ákvörðun um saksókn í einstökum atriðum.

Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, er því hér með ítrekuð sú krafa ákærvalds, að fram fari rækileg dómsrannsókn á öllum þeim kæruefnum, sem samkvæmt framansögðu hafa komið upp, eftir að kærði sætti áminningu í maímánuði 1973. Svo sem sakarefnum máls þessa er háttað, þykir og orðið óhjákvæmilegt vegna réttaröryggis og enn fremur brýnt í þágu rannsóknar málsins að gera þá kröfu, að kærði Jóhann Geir verði þegar settur í gæsluvarðhald og hafður í haldi, meðan á rannsókn og meðferð máls þessa fyrir dómi stendur. Er í þessu efni skírskotað til 1. mgr. 66. gr. hegningarlaganna og niðurlagsákvæðis 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. og 5. og 6. tölul. sömu greinar. Er þess krafist, að dómsúrskurður gangi þegar í stað um það, hvort efni séu til slíkra ráðstafana eða annarra þeirra, sem að haldi mega koma, sbr. fyrrgreint ákvæði 1. mgr. 66. gr. hegningarlaganna og enn fremur 65. gr., 71. og 72. gr. laga nr. 74/1974.“

Af framlögðum gögnum er ljóst, að Jóhann Geir er undir rök-

studdum grun um að hafa ásótt Málfríði með þeim hætti, að varðað gæti við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar bera gögn ekki óbyggjandi með sér, að hann hafi haft í frammi hótanir svo sem um ræðir í 233. gr. hegningarlaga, sbr. einnig 66. gr. sömu laga. Lögregluskýrsla frá 14. september 1973 fjallar að vísu um slíka hótun í einu tilviki, þar sem kærandi var ein til frásagnar. Sú skýrsla var ásamt annarri send ríkissaksóknara með bréfi dómsins, dags. 25. september 1973, en með bréfi hans, dags. 3. október 1973, var tilkynnt, að ekki væri af hálfu ákærvaldsins krafist frekari aðgerða að svo stöddu. Tvær síðari skýrslurnar fjalla um atferli, sem varðað gæti við 1. mgr. 232. gr. Brot samkvæmt þeirri grein varða sektum eða varðhaldi. Hvergi sér þess stað í skjölum málsins, að Jóhann Geir sé grunaður um atferli, er varði við ákvæði hegningarlaganna um líkamsmeiðingar, svo sem að er vikið í bréfi ríkissaksóknara.

Undirstöðuskilyrði þess, að gæsluvarðhaldi verði beitt sem úræði í opinberu máli er, að sakborningur sé undir rökstuddum grun um að hafa framið brot, er varðað getur fangelsi, sbr. 1. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974. Þetta skilyrði er ekki fyrir hendi hér, og verður krafa ákærvaldsins um gæsluvarðhald Jóhanns Geirs Guðjónssonar því ekki tekin til greina. Eigi þykja hér heldur standa efni til að úrskurða um annars konar ráðstafanir gagnvart honum.

Því úrskurðast:

Krafa ákærvaldsins um gæsluvarðhald Jóhanns Geirs Guðjónssonar er eigi tekin til greina.
